

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 26. maí 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-70/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. september sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna bilunar og eftirfarandi viðgerðar á metanbúnaði í bifreið, en búnaðinn keypti hún af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi endurgreiði sér kostnað vegna viðgerðar á metanbúnaðinum.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 5. október sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 13. október. Með bréfi, dags. 6. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 20. nóvember. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 19. maí, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að hinn 8. júlí 2011 keypti álitsbeiðandi metanbreytingu á vél bifreiðar sinnar, xx-000, af seljanda fyrir kr. 412.639. Rúmum 4 árum síðar, þ.e. hinn 26. ágúst 2015 var gert við metanbúnaðinn á verkstæði seljanda og nam kostnaður vegna viðgerðarinnar kr. 96.238. Greiddi álitsbeiðandi reikninginn með fyrirvara. Telur álitsbeiðandi að metanbúnaðurinn sé enn í ábyrgð, þ.e. að 5 ára ábyrgð gildi um búnaðinn, en ekki 2 ár, líkt og seljandi haldi fram. Meðfylgjandi álitsbeiðni eru reikningar þeir sem vísað er til hér að ofan. Sem fyrr segir krefst álitsbeiðandi endurgreiðslu á kr. 96.238 vegna viðgerðar á metanbúnaðinum.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að seljandi ábyrgist breytingar á bensínbifreiðum í metan/bensínbifreiðar í 2 ár eða 100.000 km. Breyting á bifreið álitsbeiðanda hafi verið gerð hinn 8. júlí 2011, en þá hafi bifreiðin verið ekin annaðhvort 44.374 km eða mílur. Hinn 26. ágúst 2015, eða rúmum 4 árum síðar þegar bifreiðin var ekin rúmlega 98.060 km eða mílur, kom álitsbeiðandi með bifreiðina til seljanda til viðgerðar. Viðgerðin snéri að spíssum og þrýstíminnkara, sem séu slitfletir á búnaði og ending þeirra sé háð notkun og gasgæðum. Segir seljandi að framan við spíssa sé sía sem skipta þurfi um reglulega og hafi álitsbeiðanda verið tilkynnt það 2011. Samkvæmt verkþókhaldi seljanda hafi bifreiðin einu sinni verið þjónustuskoðuð og hafi þá verið skipt um fyrnefnda síu. Sú skoðun hafi farið fram hin 19. september 2012. Eigi slíkar skoðanir að fara fram í það minnsta árlega og segist seljandi einnig hafa kynnt álitsbeiðanda það árið 2011. Ekki sé útilokað að gleymst hafi að skrá þjónustuna í verkþókhald seljanda, en ef svo er, ætti skoðunin engu að síður að vera stimpluð í þjónustubók metankerfis bifreiðarinnar sem fylgdi bifreið álitsbeiðanda viðbreytinguna. Að lokum kemur fram að seljandi hafnar kröfum álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi metanbreytingu í bifreið sína af seljanda hinn 8. júlí 2011 fyrir kr. 412.639. Hinn 26. ágúst 2015, eða rúmum 4 árum síðar, þurfti að gera við búnaðinn, þ.e. skipta um spíssa og þrýstiminnkara. Framkvæmdi seljandi þá viðgerð og greiddi álitsbeiðandi kr. 96.238 fyrir hana. Álitsbeiðandi telur að metabúnaðurinn sé í lögbundinni 5 ára ábyrgð og því beri seljanda að endurgreiða sér kostnað vegna viðgerðarinnar. Seljandi hafnar þessu og segir ábyrgð hans á búnaðinum aðeins vera 2 ár. Að auki segir seljandi að viðgerðin snúi að slithlutum í metanbúnaðinum, sem viðbúið sé að þurfi að skipta um, sem og að seljandi bendir á að álitsbeiðandi hafi ekki látið þjónustuskoða búnaðinn árlega líkt og sett hafði verið fyrir af seljanda við kaupin á búnaðinum og að það gæti tengst því að spíssar gáfu sig.

Kærunefndin telur að í málinu gæti ákveðins misskilnings á milli ábyrgðar seljanda á búnaðinum, sem réttilega getur verið 2 ár, og frest álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla á söluhlut, en sá frestur getur verið ýmist 2 eða 5 ár, eftir atvikum, sbr. 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup. Það að hægt sé að bera fyrir sig galla þar sem frestir til þess eru ekki liðnir skv. ákvæðinu, leiðir hins vegar ekki að sjálfu sér til þess að seljandi beri þá ábyrgð á söluhlutnum innan þess frests.

Í viðgerð þeirri er fór fram á metanbúnaði í bifreið álitsbeiðanda hinn 26. ágúst 2015 var skipt um tvenna íhluti búnaðarins, sem seljandi hefur bæði bent á að séu slithlutir, sem og að það gæti hafa haft neikvæð áhrif á endingu þeirra að bifreiðin var ekki þjónustuskoðuð reglulega og þ.a.l. ekki skipt reglulega um síu sem gat haft áhrif á endingu spíssa.

Telur kærunefndin að á meðan að 5 ára kvörtunarfrestur skv. 2. mgr. 27. gr. laganna geti vissulega gilt um metanbúnaðinn heildstætt, eigi það ekki í öllum tilvikum við um einstaka íhluti búnaðarins og ekki þá íhluti sem gert var við hinn 26. ágúst sl. Samkvæmt þessu rann því frestur álitsbeiðanda til að bera fyrir sig galla á spíssum og þrýstiminnkara í búnaðinum hinn 8. júlí 2013. Gat álitsbeiðandi því ekki borið fyrir sig galla á framangreindum íhlutum hinn 26. ágúst sl., og verður því að hafna kröfum hennar.

VI
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir